



Samtökin mótmæla undanþágu virðisaukaskatts á tryggingastarfsemi og vilja koma á framfæri athugasemd við töflu á bls. 24 um undanþágu frá virðisaukaskatti. Samtökin hafa heimildir fyrir því að virðisaukaskattur sé innheimtur af tryggingum t.d. í Hollandi og Þýskalandi, öfugt við það sem fram kemur í töflunni. Til viðbótar má benda á að undanþágur skapa möguleika á undanskotum og má nefna að þótt sala tjónamuna sé skattskyld vörusala hafa atriði eins og sala tjónabíla verið uppspretta svartrar atvinnustarfsemi. Við leggjum til hvað það atriði varðar að bætt verði ákvæði inn í löginn þess efnis að sala tjónabíla sé aðeins heimil til skráðra aðila.


ÍSLENSK VERLSLUN mótmælir tveimur gjaldflokkum í tryggingagjaldi. Þetta er andstætt stefnumiðum ríkisstjórnarinnar um að mismuna ekki atvinnugreinum og brýtur í bága við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Leggja samtökin til að tryggingargjald verði í einum gjaldflokki og jafnt á allar atvinnugreinar.


ÍSLENSK VERLSLUN mótmælir þeirri mismunun sem felst í sérstökum skatti á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Þessi skattlagning á verslun eina atvinnugreina rýrir samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja gagnvart erlendum, stuðlar að hækkun vöruverðs, og samræmist ekki samningnum um EES eða jafnræðisreglu Stjórnarskrár Íslands. Samtökin ítreka þá áskorun sína að fella þennan skatt niður.


Samtökin fagna sérstaklega niðurfellingu aðstöðugjalds, sem var að stærstum hluta innheimt af versluninni.

Að lokum má benda á að samkvæmt nýlegri könnun ÍSLENSKRAR VERSLUNAR og Embættis ríkisskattstjóra er verslunin sú atvinnugrein sem greiðir mestu skattana hér á landi. Samkvæmt þessari könnun greiddi verslunin árið 1991 jafn mikið í skatta og iðnaður og sjávarútvegur til samans. Við teljum það lítilmannlegan málflutning hjá ýmsum atvinnugreinum sem nú hamast við að fá undanþágur frá greiðslu skatta á kostnað annarra atvinnugreina.

## ÍSLENSK VERLSLUN

  
Jónas Þór Steinarsson, BGS  
framkvæmdastjóri.

  
Magnús E. Finnsson, KI  
framkvæmdastjóri.

  
Stefán S. Guðjónsson, FIS  
framkvæmdastjóri.

Tilv:skattam/isl-vers